

Ágengar framandi lífverur

Eftir Kristjönu Bergsdóttur

Samið hefur verið „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.“ (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.) Ég vil hvetja fólk til að lesa frumvarpið í núverandi mynd sem má finna á vef umhverfisráðuneytisins. Það er áhugavert fyrir alla að skynja þar þann nýja tón sem sleginn er í viðhorfum til ræktunarstarfs í landinu.

Titillinn lætur lítið yfir sér já – en 1. grein býr lesandann strax undir það sem koma skal. „Ágeng framandi lífvera“ er nefnd strax í fyrstu línu. Manni dettur ósjálfrátt í hug leikritið Innrásin frá Mars. En gamanlaust þá er þetta hugtak rauði þráðurinn í hrollvekjum frumvarpsins sem boðar



Kristjana Bergsdóttir

afnám frelsis einstaklingsins til gróðursetningar og ræktunarstarfa á Íslandi. Það eru boðuð áður óþekkt höft á ræktun í landinu, þar sem miðstýring ráðuneytis og hugmyndafræði um „ágengar framandi lífverur“ skal taka við af grasrótarstarfi almennings sem hefur skilað okkur óendanlega miklum lífsgæðum. Í staðinn

skal umhverfisráðherra taka sér allt vald til að ákveða hvaða plöntur eru óvinir ríkisins og hvar þær þarf að uppræta hvar sem þær finnast. Það er algerlega ný hugsun að setja ræktunarstarfi skorður með handafl en við þekkjum vel skorður vegna vanskunnáttu, veðurfars og norðlægrar legu landsins.

Tímamót urðu á Íslandi á fyrri hluta síðustu aldar í viðhorfum til uppgræðslu og ræktunar almennings

» Það er algerlega ný hugsun að setja ræktunarstarfi skorður með handafl en við þekkjum vel skorður vegna vanskunnáttu, veðurfars og norðlægrar legu landsins.

í kjölfarið á frumkvöðlastarfi framsýnna manna og aðstoð vinabjóða. Það sannaðist að unnt væri að rækta fleira en áður var talið gerlegt hér á landi. Fáiir tóku sér þá í munn orðið skógur en litlir kantaðir skógarreitir sem við þekkjum öll af ferðum okkar um landið eru til vitnis um þann áhuga sem ríkti þrátt fyrir margs konar mótdrægni. Birkiskógarnir gömlu hafa alltaf verið okkar stolt og þeim höfum við Íslendingar sinnt æ

betur með vaxandi áhuga og þekkingu í skógrækt.

Eftir a.m.k. 50 ára lærdóm af ræktunarstarfi í landinu hafa augu okkar lokist upp fyrir því að fjöldi tegunda á sér líf í íslenskri mold ef rétt er að staðið og nýlega heyrum við af ræktun ávaxtatrája sem kom öllum gleðilega á óvart. Ræktun á Íslandi hefur alfarið byggst á framtaki almennings, áhugasamtaka og bænda með sérfræðinga sér við hlíð. Þekking hefur aukist til muna allra síðustu áratugi og ekki síður áræðni í að prófa nýjar tegundir samfara batnandi loftslagi a.m.k í bili. Sú ræktunargleði sem ríkir hér á landi og hið góða veðurfar á enga samleið með hugmyndafræði umhverfisráðuneytisins sem vill skilgreina margar okkar helstu trjátegundir sem „ágengar framandi lífverur“ og gefur tóninn um hvað þeirra biður í framtíðinni. Þetta frumvarp í núverandi mynd gengur í berhöggi við og ógnar ræktunarstarfi almennings. Það leggur einfaldlega dauða hönd kerfisins á margra áratuga þrotlausa vinnu við að græða upp landið og finna nýjar tegundir sem geta þrífist hér.

Það er fleira hrollvekjandi í frumvarpinu en ofuráherslur á hömlur s.s.

eftirlits- og skattheimtuckerfi á ræktun almennings í landinu. Eða hvernig stóð á því að garð- og skógræktarfolk um allt land hafði ekki aðkomu að samningu þessa frumvarps en fær eingöngu að gefa umsögn undir óviðunandi tímapressu. Hvers vegna fær maður það á tilfinninguna að hópur „sérfræðinga“, sem óttast ekkert meir en „ágengar framandi lífverur“ í náttúru Íslands, hafi viljað sitja óareittir við samningu frumvarpsins, með sína hugmyndafræði vitandi það að ræktendur á öllum sviðum eru þessum hugmyndum algerlega andsnúnir. Og enn fremur vitandi það að almennt er engin sátt um það í landinu hvenær skal telja lífveru „framandi“. Ég spyr: Er vilji fyrir því í ráðuneytinu að þröngva þessar hugmyndafræði upp á ræktunarstarf almennings á Íslandi? Nú er þetta frumvarp til umsagnar m.a. hjá aðildarfélögum Skógræktarfélags Íslands í nokkra næstu daga og hvet ég alla sem bera hag garð- og skógræktar á Íslandi fyrir brjósti að kynna sér frumvarpið og láta sig málið varða.

Höfundur er kerfisfræðingur og er stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Reykjavíkur. (www.heidmork.is)

